



Umsókn um lækkun fasteignaskatts fyrir elli- og örorkulífeyrisþega

Undirrituð/i bXjff]haður óskar hér með eftir að stjórnarsýslu- og fjármálasvið Ísafjarðarbæjar taki til athugunar hvort ég á rétt á lækkun fasteignaskatts skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofn sveitarfélaga

Sótt er um lækkun fasteignaskatts vegna:	
Fráfalls maka - dagsetning andláts	<input type="text"/>
Tekjutengingar	
Örorku	
Ellilífeyris	

Vegna fasteignarinnar

Heimilisfang	Fastanúmer
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Nafn eiganda	Kennitala
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Nafn maka	Kennitala maka
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Heimilisfang/lögheimili	Póstnúmer
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Sími	Farsími
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Netfang	Aldur og örorkuhlutfall
<input type="text"/>	<input type="text"/>
Athugasemdir	
<input type="text"/>	

Við fráfall maka ellilífeyrisþega, skulu fasteignaskattur og holræsagjald falla niður að fullu fyrsta álagningarárið eftir andlát, þó að hámarki 95.000 kr.

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn svo hún sé tekin gild:

- Afrit af skattframtali og álagningarseðli Ríkisskattstjóra
- Staðfesting á örorku

Undirritaður veitir stjórnarsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar heimild til að afla nauðsynlegra upplýsinga sem kunna að hafa áhrif á rétt til lækkunar fasteignaskatts. Umsókn þarf að berast fyrir lok febrúar.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.

Reglur á árinu 2016 um afslátt fasteignagjalda. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.

1. Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ. Niðurfellingin er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2014, þ.m.t. fjármagnstekjur, sbr. álagningu skattstjóra 2015 og tekur einungis til fasteignaskatts og holræsisgjalds.
2. Veittur er afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við tekjumörk liðsins árs. Hærrí tekjur gefa engan afslátt. Afsláttur fái ellilífeyrisþegar fæddir 1947 og fyrr. Tekjumörkin eru:

Einstaklingar			Hjón/sambýlingar		
Tekjur	Kr.	Afsláttur	Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	2.800.000	100%	Allt að	3.700.000	100%
Allt að	3.700.000	50%	Allt að	4.600.000	50%

3. Ellilífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna á árinu 2015 og breytast fasteignagjöld ársins 2016 til samræmis við reglur í lið 2. Fjármálasvið Ísafjarðarbæjar framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og holræsisgjaldi eftir yfirferð skattframtala elli- og örorkulífeyrisþega. Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda. Þegar álagning vegna tekna ársins 2015 liggur fyrir á þessu ári, verður afsláttur endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflega.
4. Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árána 2014 og 2015 hefur bæjarráð heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignagjalda, berist umsókn um slíkt.
5. Við fráfall maka ellilífeyrisþega skulu fasteignaskattur og holræsisgjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í, falla niður að fullu fyrsta árið eftir að andlát átti sér stað, þó að hámarki kr. 95.000 kr.
6. Sömu reglur gilda um niðurfellingu fasteignagjalda hjá öryrkjum með 75% örorku eða meiri.
7. Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir er bæjarráði heimilt að ákveða um lækkun eða niðurfellingu fasteignagjalda.
8. **Hámars afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og holræsisgjalds er kr. 95.000 kr.**

Umsókn berist til:
Ísafjarðarbær, Innheimta, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður, fax 450 8008,
innheimta@isafjordur.is